

Lokaverkefni

Lokaverkefnið er einstaklingsverkefni þar sem nemendur velja á milli þess að gera skreytingar fyrir jarðaför eða skreytingar fyrir brúðkaup.

Brúðkaup: Brúðarvöndur, barmblóm, skart, skreytingu í veisluna (borðskreytingu á háborð, brúðarboga og fl.)

Jarðaför: Kistuskreyting, krans, altarisvöndur, og svo val um 4 verk sem getur verið hjarta, kross, skreyting hjá gestabók eða skreyting sem kæmi til með að vera í erfidrykkjunni.

Við gerð aðalverkefnis skulu koma fram helstu þættir sem nemandi hefur lært í bóklegum og verklegum blómaksreytingum. Má þar helst nefna meðhöndlun afskorinna blóma og greina, meðferð form og lita í skreytingum, þekking á samsetningu og uppbyggingu skreytinga, þekking á stíltegundum skreytinga, frumleiki og sköpunargáfa.

1. Nemandi vinnur það verkefni sem hann velur sér (útför / brúðkaup). Unnið er eftir áætlunargerð (skýrsla) sem nemandi gera í byrjun annar, teikningum (skissum) / modelgerð sem unnin eru á vorönn.
2. Nemandi vinnur að ítarlegri skýrslu, þar sem gerð er grein fyrir öllum þáttum verkefnisins. Frá fyrstu hugmynd að loka niðurstöðu.
 - a. Lengd skýrslu skal vera að lágmarki 5 blaðsíður, en að hámarki 10 blaðsíður.

- b. Skýrslan skal hafa forsíðu þar sem fram kemur nafn nemanda, heiti brautar, nafn verkefnis, nafn kennara, heiti áfanga og ártal.
 - c. Skýrslan skal prentuð á pappír af stærðinni A4 í leturstærð 12 eða 14 og með 1 ½ línubili. Vanda skal frágang og réttitun. Númera skal blaðsíður í réttri röð.
 - d. Fræðiheiti plantna skal aðgreina frá meginmáli með skáletrun, kommum eða svigum.
 - e. Efnisyfirlit skal vera fremst í lokaverkefninu. Atriðin í efnisyfirlitinu er gott að númera og blaðsíðutal skal fylgja.
3. Nemandi útbýr glærुकynningu/glærusýningu með ljósmyndum af verkefnunum og kynnir verkefnið sitt fyrir samnemendum, kennurum, verknámskennurum og öðrum þeim innan garðyrkjugeirans sem áhuga kynnu að hafa á efni lokaverkefnanna.

Lágmarkseinkunn fyrir lokaverkefnið er 6,0

Verklegt verkefni 70%

Skýrsla 20%

Glærusýning 10%

Kennarar: Byndís Eir Þorsteinsdóttir og Valgerður Jónðís Guðjósðóttir